



LÖGREGLUSTJÓRINN Á AUSTURLANDI

Fundur Almannavarnarnefndar Austurlands

Dags og tími, 2. sept 2021, fundur 6/2021 og haldinn á teams klukkan 15:00.

Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps, boðaði forföll
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,
Helgi Gíslason, sveitarstjóri, Fljótsdalshrepps
Sveinn Halldór Oddsson Zoéga, Landsbjörg á Austurlandi.

Mættir:

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar

Dagskrá fundar:

MMS bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn.

Tílefni fundarins er þurrkur Austurlandi og hættur sem því fylgja. Til fundarins var boðað með tölvupósti sem sendur var fyrr um daginn.

Bl: Þurrkatíð hefur verið með eindæmum og er Múlaþing að kortleggja umhverfið hjá sér. Víða eru vatnsból þurr og verið er að fá bíla til að fylla á þau. Múlaþing er að hafa samband við öll lögbýli og fara á þá staði þar sem það er hægt. Þetta hefur í för með sér mikinn kostnað fyrir bændum. Í einhverjum tilfellum hafa opinberir aðilar hafa fengið stuðning frá stjórnvöld vegna þessa kostnaðar. Einnig er hætt á gróðureldum. Finnst að Almannavarnarnefnd ætti að senda frá sér yfirlýsingu og hvetja fólk að fara varleg. HGE sagði að allt umhverfið væri þurrt og ef yrði gróðureldar þá er mikil hætt á ferð. Slökkviliðið hefur farið með vatn í bílunum til að bæta í brunna. Gott væri að fá heilbrigðiseftirlitið í lið með okkur til að fá upplýsingar um hvað mega gera, hvaðan vatn má koma og fleira. Telur gott að almannavarnarnefnd sendi út tilmæli um að fólk sé ekki með brennur og þau passa grillin sín.

SV er sammála þessu að senda beri út tilkynningu. Lítið meira hægt að gera nema kannski að kortleggja stöðuna á hverju svæði fyrir sig. JBH telur að þau séu ekki í sömu vandræðum og Múlaþing. Tekur undir að það sé gott að senda út tilkynningu. Heldur að það sé Bjargráðasjóður sem hefur greitt þennan kostnað. Bændur fengið heimild frá heilbrigðiseftirliti til að ná í vatn á þvottastöðvar olúfélaga.

MMS tekur að sér að hringja í almannavarnardeild og vinnufélaga til að leita ráða og kemur þeim upplýsingum áfram til nefndarinnar.

Fundi slitið klukkan 15:20. Fundagerð ritaði MMS